

10/2 '75

S T A R F S S K Ý R S L A .
=====

1 9 7 4
=====

Gróðrarstöðin Tumastöðum.
=====

Veðurfar ársins.

Hér á eftir verður getið þess helsta í veðurfari hvers mánaðar eins og gert hefur verið í fyrri starfsskýrslum og koma þá í ljós helstu einkenni fyrir hvern mánuð.

Veturinn (jan. - mars). Janúar var fremur kaldur og úrkoma með meira móti og mikið um svellalög og tölverður holklaki.

Febrúar mun kaldari en janúar og því tölvert fyrir neðan meðallag, veðrasamur og mikil úrkoma nokkuð frost í jörðu, tíð mjög óhagstæð útiverkum.

Marsmánuður var óvenju hlýr eða 2 gr. hlýrri en í meðallagi og að ýmsu leiti gott tíðarfar, en nokkuð úrkomusamur. Nokkuð mikill klaki var í jörðu.

Veturinn hefur verið heldur hlýrri en í meðallagi en kaldur framanaf og mikið um svellalög, en farið batnandi er líða tók á hann.

Vorið (apríl - maí). Aprílmánuður mildur og hlýrri en meðallag sýnir og klaki mikið til farinn úr jörðu og jarðvegur farinn að þorna. Tún farið að grænka. Tíðarfar hagstætt öllum útiverkum.

Maí. Hiti talsvert fyrir ofan meðallag og tíð hagstæð og góð útiverkum. Klaki fór úr jörðu fljótlega upp úr mánaðarmótum. Úrkoma mjög lítil.

Vorið hefur því verið mjög gott og í allastaði hagstætt.

Sumarið (júní - sept.). Júní var fremur úrkomusamur og kaldur og nær ekki meðaltali sérstaklega framanaf.

Júlí er eins og júní fremur kaldur og úrkomusamur framanaf, en þurr eftir 22. til mánaðarmóta, að öðruleiti góðviðrasamur og hagstæð tíð.

Ágúst. Enn er hiti fyrir neðan meðallag en tíð óvenju hagstæð og mikið um logn og stillur, úrkoma um annan hvern dag en mjög lítil og því góð útiverkum.

September hægviðrasamur framanaf en síðan veðrasamur með norðlægri átt og var mánuðurinn með kaldasta móti, ekki úrkomusamur. Klaki þýðnaði ekki á jörðu síðustu 10 daga mánaðarins.

Sumarið hefur því í heild sinni verið mjög kalt, úrkoma fremur lítil og hægviðrasöm tíð og mjög góð öllum útiverkum.

Haustið (okt. - nóv.). Októbermánuður fremur kaldur og mjög úrkomusamur, byrjaði að frjósa upp úr miðjum mánuðinum á auða jörð.

Nóvember kaldur en ekki mikil úrkoma, svo ekki er nema $\frac{1}{2}$ af meðaltals úrkomu, frost tölvert síðarihluta mánaðarins. Klaki í jörðu 12 cm. í lok mánaðarins.

Desember mikið kaldari en ~~meðallagi~~ sýnir eða um 3 gr. kaldari. Úrkoma var að mestu snjór. Tíðan yfirleitt rysjótt og veðrasamt í meiralagi og tölvert um svellalög.

Mánuðurinn fádæma leiðinlegur og óhægur útiverkum. Frost í jörðu um áramót 30 cm.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Laufgun birkiskjólbeltna hér á Tumast. var 4. júní, en lauffall varð aftur á móti 29. september, en það er með fyrra móti.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var yfirleitt í góðu meðallagi og á greni yfirleitt mjög góður. Á trjám af sitkagreni sem komin eru upp af

Íslensku fræi og sem plantað var í Múllakoti á árunum um 1971 og virðast nú vera búin að jafna sig eftir flutningin voru árssprotarnir mældir samtals eru þetta 68 plöntur neðan hamra.

Plönturnar voru færðar inn á kort og er síðan ef þess er óskað hægt að fylgjast með vexti þeirra. Ársvöxtur þessra 68 trjáa er 24,16 m. eða meðaltals ársvöxtur 35,53 cm. Þess er þó að geta að á 3 þessra trjáa hefur toppurinn brotnað svo aðeins eru stubbar eftir og lækkar það meðaltalið, ef þeim trjám væri sleppt er meðaltals ársvöxtur 65 trjáa 36,416 cm. Mesti árssproti á tré af sitkagreni í Múllakoti var 82 cm. af þessum 68 trjám voru 11 tré með 50 cm. árssprota eða meira.

Í skjólbelti sem er norðan við umdæmisbústaðinn er skjólbelti sem er með sitkagreni af sama uppruna og voru þau mæld í vetur þetta eru samtals 98 tré. Meðal hæð trjáanna er nú 208,18 cm. hæsta tréið er 3,13 m. en lægsta tréið 1,40 m. Meðaltal árssprota er 25,28 cm. en lengsti árssproti 56 cm. og á 2 trjám enginn þar að auki hefur toppurinn brotnað á 2 trjám. 62 af þessum trjám standa á bersvæði og njóta ekki skjóls.

Í einu sitkagreni skjólbeltinu eru plöntur sem hingað komu frá Noregi til dreifsetningar og fóru mjög illa 1963 en þær sem lifðu hretið af var plantað í skjólbelti hér, ein af þessum plöntum hefur vaxið 2,25 m. á síðustu 4 árum eða 56,12 cm. að meðaltali á ári, ef farið er lengra aftur hefur hún vaxið 2,65 m. á 5 árum eða 53 cm. á ári plantan stendur ekki í skjóli.

Fræfall. Fræ á birki var ekkert hér í gróðrarstöðinni eða hér í nágrenni. Fræi af reynivið, úlfareyni og hunangsvið var safnað í Múllakoti. Einnig var safnað lúpínufræi á Múllakotsaurum og það sent að Mógilsá.

Safnað var könglum af sitkagreni hér á Tumastöðum og einnig í Múlakoti og Tungugirðingu, þeir þreskjaðir og fræið lítillaga hreinsað. kom 950 gr. af fræi úr Múlakoti, úr brekkunni á Tumastöðum kom 3,8 kg. og úr garðinum 650 gr. og annað varð 225 g. Samtals hefur því komið 5,625 kg.

Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni féll ekki niður yfir vetrar- mánuðina eins og verið hefur á undanförunum árum.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni samkvæmt kaupskrá kr. 3.417.821,00. Til starfsfólks sem búsett er í Fljótshlíðarhr. námu kaupgreiðslur kr. 3.174.535,00 eða 92,88% og til starfsf. sem er búsett á Hvolsvelli kr. 243.286,00 eða 7,12%.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	feb.	mars	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	samt.
kon.	5	3	3	10	27	27	35	21	6	6	8	6	157
karl.	9	5	6	6	11	14	13	16	13	6	6	6	111
samt.	14	8	9	16	38	41	48	37	19	12	14	12	268

Gróðrarstöðin.

Nývirki og umbætur. Sumarið 1973 var keypt til stöðvarinnar járnbogagróðurhús sem eru 3,8x10 m. og voru þá sett upp 5 hús, í vor var lokið við að setja upp 11 samskonar hús og eru þau því 16 og varð tölverður kostnaður að koma þeim upp. Hús þessi eru að mörguleiti góð en þó verður það vandamál að taka af þeim dúkinn til varðveislu, en sýnt er að ekki er hægt að hafa dúkin á húsunum yfir veturinn.

Á aðal-skurð sunnan umdæmisbústaðar voru settar 2 jarðbrýr.

Fræplöntur. Sáning var lokið 4. júní, sáð var 10,07 kg. í 595 m². Sáningin kom vel til og leit mjög vel út í haust, nema því sem sáð var í gróðurhús en þar urðu okkur á mistök með áburð, svo að fræpl. dráput eftir að fræið spíraði 2/0 plöntur eru í góðu ásigkomulagi ekki stórar en jafnar.

Dreifsetning. Dreifsettar voru 317.969 stk af skógarplöntum hér í gróðrarstöðinni í sumar. Vöxtur á 2/1 pl. eða dreifplantna frá því í fyrra var með meiramóti.

Hreinsun. Gesatop var notað hér eins og gert hefur verið á undan förnum árum að gesatopi er sprautað yfir með ný dreifsettra plantna að öðruleiti handhreinsað. Sáðbeð handhreinsuð nema hvað notað var terpentína á sáðbeð og var það gert áður en fræhettan var fallin af plöntunum.

Umbúnaður. Sett voru upp hlífðarborð með köntum dreifsetningar beðanna og grindur með plastdúk yfir beðin og gaf þetta mjög góða raun á síðastliðnu ári. Að öðruleiti voru notaðar grindur og lim til skjóls.

Afhending. Afhentar voru 122.320 stk. af skógarplöntum og 8.620 stk af garðplöntum. Til afhendingar á næsta ári eru 236.085 stk. af skógarplöntum.

Múlakot. Í Múlakoti var fastur maður og hefur hann nú verið þar í nokkur sumur hefur reitnum nú verið haldið í góðu horfi flestum sem þar koma til yndisauka, og hefur verið mikill straumur af fólki að skoða reitinn sérstaklega um helgar. Eitt er aðkallandi og það er að koma upp merkjum með nafni og uppl. um hverja tegund.

Tölvert var um að fólk borðaði nestið sitt á grasbala undir berginu og var umgangur þar með ágætum.

Girðingar.

Nýjar girðingar. Skógræktin tók þátt í girðingu á landamörkum

Torfastaða og Tumastaða frá hornmarki við Tungu að marki við Brunnlæk og eru þetta 800 m. Girðingin stendur í landi Torfastaða þar sem ekki var hægt að girða alveg á mörkum, vegna þess að lækur ~~mæð~~ ræður mörkum á þessum stað. Hlutur Tumastaða í girðingarkostnaði varð kr. 12.868,- eða 1/4 af heildarkostnaði.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Verkstæðið var málað að innan. Sett var teppi á 2 herbergi í umdæmisbústaðnum og innrigang og hurðir málaðar og skipt um skrár, einnig voru gangar málaðar. Settir voru gólf-listar í herbergi og ganga í starfsmannabústaðnum og þurfti um 90 m. af gólflistum. Ekki hefur verið hugsað um viðh. og lagfæringu á byggingum á staðnum um árabil vegna fjárskorts. Nú er mikil nauðsyn að einangra veggj á umdæmisbústaðnum því það er um sama og enga einangrun að ræða og væri það best gert með því að einangra það að utan og setja síðan litaða plast- eða álklæðningu og mundi þá ekki þurfa að mála í 25-30 ár.

Vélar og verkfæri. Gert var við vélar og verkfæri eins og þurfa þótti.

Smíðaður var vagn til að flytja móbandspl. um reitinn og varð af því mikill vinnusparnaður og þurfum við að smíða annan vagn til þess að flýta fyrir dreifsetningu. Þegar verið er að dreifsetja í móband eru plönturnar strax eftir dreifsetningu settar á vagninn (rúllurnar eru sagaðar í sundur á dreifsetningar stað svo þær aflagist ekki) ef vagnarnir væru tveir þarf ekki að hætta við að dreifsetja á meðan farið er með vagninn og hann losaður á uppeldisstað plantnanna

Gestir. Skógræktarstjóri kom hér 18. mars með skólastjóra og nemendur Garðyrkjuskólans í Hveragerði til að skoða gróðrarstöðina.

Skógræktarstjóri, skógarverðir, skógræðikandidatar og fleiri komu hér 30. september í skoðunar ferð um Suðurland.

Sáningar.

Fræs.nr.	Teguna	Kvæmi	Kg.	m2
B-844	Birki	Bøjarstaður...	1,00	53
B-892	Gráelri	Straumsbotn ..	0,20	4,5
B-803	Rauðgreni	Bindal	0,50	51
B-858	Sitkagreni	Homer	1,60	108
B-817	Sitkagreni	Cordova	1,10	36
B-668	Sitkagreni	Sitka	1,30	36
B-781	Blágreni	Mc Kenzie p. .	0,15	9
B-859	Bergfura	Haut confl. ..	0,85	54
B-854	Stafafura	Haines	1,45	116
B-890	Stafafura	Skagway	0,75	90
B-881	Broddfura	Hall	0,17	6
B-875	Síberíulerki ...	Altaí	1,00	30
	Sitkaelri	Tumast.	-----	<u>1,5</u>
		Samtals	10,07	595
			=====	=====

Dreifsetningar. 1974

Frás.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-781	Blágreni 2/0	Mc Kenzie Br.	2.232 m
B-798	Bergfura 2/0	Pyreneafj.	28.616 m
B-816	Stafafura 2/0	Skagway	118.776 m
B-816	Stafafura 2/0	Skagway	16.152
B-807	Elri 2/0	Davos Sviss	756 m
B-836	Síberíulerki 1/0 .	Uralhérað	6.384 m
B-826	Sitkagreni 2/0 ...	Tumast.	9.520 m
B-817	Sitkagreni 2/0 ...	Cordova	25.256 m
B-817	Sitkagreni 2/0 ...	Cordova ,.....	24.696
B-797	Sitkagreni 2/0 .q.	Cordova	9.912 m
B-736	Síberíulerki 2/0 .	Altaí	10.864 m
B-662	Rússalerki 2/0 ...	Avsjan Baskkir ...	2.146 m
B-808	Evrópulerki 2/0 ..	Celerina	308 m
B-741	Svartgreni 2/0 ...	cent. Newfoundl. .	504 m
B-789	Broddfura 3/0	Colorado	616 m
B-763	Bergfura 3/0	Cerdagne	1.995 m
B-804	Rauðgreni 2/0	Leirfjord	26.460 m
B-779	Sitkagreni 3/0 ...	Cordova	7.896 m
B-779	Sitkagreni 3/0 ...	Cordova	<u>24.880</u>
		Samtals	317.969
		=====	=====

Plöntur til dreifsetningar 1975.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-810	Birki 2/0	frá Hall	11.000
B-844	Birki 2/0	Bæjarst.	9.000
72/93	Birkielri 2/0	Coldi Tenda	500
72/92	Birkielri 2/0	Col du Lautaret ..	500
72/91	Birkielri 2/0	Rúmenía	1.000
72/90	Birkielri 2/0	Sviss	500
72/89	Birkielri 2/0	Austurríki	500
71/42	Birkielri 2/0	Ragiora	500
B-804	Rauðgreni 2/0	Leirfjörd	45.000
B-858	Sitkagreni 2/0 ...	Homer	100.000
B-817	Sitkagreni 2/0 ...	Cordova	10.000
B-817	Sitkagreni 2/0 ...	Cordova	65.000
B-861	Sitkagreni 2/0 ...	Lýsish.	5.000
B-860	Sitkagreni 2/0 ...	Selfossi	4.000
B-862	Sitkagreni 2/0 ...	Skagway	4.000
B/44	Sitkagreni 2/0 ...	Tumast.	4.500
T/63	Sitkagreni 2/0 ...	Tumast	1.000
B-818	Hvítgreni 2/0	Kenia	2.500
B-781	Blágreni 2/0	Mc Kenzie pass ...	6.000
B-840	Bergfura 2/0	Haut confl.	60.000
B-854	Stafafura 2/0	Hains	85.000
B-855	Stafafura 2/0	Skagway	100.000
B-782	Stafafura 2/0	Skagway	<u>5.000</u>
		Samtals	520.500
		=====	

Skógarplöntur afhentar 1974.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöld
B-830	Birki 1/1	Þorsteinsl.	5.070 m
B-703	Rauðgreni 2/3	Verran Levanger ..	8.800
B-701	Rauðgreni 3/1	Vang Löten	5.000 m
B-712	Sitkagreni 3/1 ...	Homer	12.560 m
B-747	Sitkagreni 2/2 ...	Cordova	2.900
B-713	Sitkagreni 2/3 ...	Cordova	36.870
B-787	Stafafura 2/1	Skagway	14.575 m
B-816	Stafafura 2/1	Skagway	7.030 m
B-746	Stafafura 3/1	Skagway	15.000 m
B-670	Stafafura 2/2	Anaheim	3.950
B-711	Stafafura 2/2/2 ..	Skagway	1.475
B-736	Síberíulerki 2/1 .	Altaí	3.140 m
B-736	Síberíulerki 1/1 .	Altaí	1.600 m
B-736	Síberíulerki 2/2 .	Altaí	3.650
B-836	Síberíulerki 1/0 .	Uralhérað	<u>700</u>
		Samtals	122.320
		=====	=====

Plöntur til afhendingar 1975.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
B-704	Rauðgreni 2/3	Levanger V	2.350
B-699	Rauðgreni 2/3	Trysil	3.500
B-701	Rauðgreni 2/3	Vang Löten	9.600 m
B-713	Sitkagreni 2/4 ...	Cordova	3.000
B-757	Sitkagreni 2/3 ...	Old Sitka	3.000
B-756	Sitkagreni 2/3 ...	Fish Bay	4.000
B-747	Sitkagreni 2/3 ...	Cordova	8.600
B-712	Sitkagreni 3/2 ...	Homer	10.000
B-712	Sitkagreni 2/3 ...	Homer	1.000
B-713	Sitkagreni 3/3 ...	Cordova	4.100
B-712	Sitkagreni 3/2 ...	Homer	11.775 m
B-797	Sitkagreni 2/1 ...	Cordova	6.200 m
B-721	Svartgreni 3/3 ...	Alberta	1.500
B-346	Brodd/blágreni 3/3	Sapinero	1.000
B-782	Stafafura 2/2	Skagway	53.175
B-816	Stafafura 2/1	Skagway	52.000 m
B-782	Stafafura 2/2	Skagway	6.000 m
B-798	Bergfura 2/1	Pyr.	18.825 m
B-836	Síberíulerki 1/1 .	Uralh.	5.000 m
B-736	Síberíulerki 2/1 .	Altaí	7.760 m
B-662	Rússalerki 2/1 ...	Avsjan Baskkir ...	870 m
B-807	Elri 2/1	Davos Sviss	500 m
B-808	Evrópulerki 2/1 ..	Celerina	250 m
B-836	Síberíulerki 2/0 .	Uralh.	<u>4.500</u> m

Samtals 218.505
 =====

Framh.

Skógarplöntur til afhendingar 1975.

Framh.
=====

Þessum plöntum hefur þegar verið völdstafað.

B-662	Rússalerki 2/1 ...	Avsjan Baskkir ...	430 m
B-807	Elri 2/1	Davos Sviss	50 m
B-836	Síberíulerki 2/0 .	Uralh.	400 m
B-721	Svartgreni 3/3 ...	Alberta	1.700
B-346	Brodd/blágreni 3/3	Sapineró	1.000
B-744	Broddfura 2/2	Hall	2.000
B-713	Sitkagreni 2/4 ...	Cordova	2.400
B-712	Sitkagreni 3/2 ...	Homer	<u>9.600</u>
		Samtals	17.580
		=====	=====

Samtals 236.085
=====